



Jafnréttisáætlun Hæðarbóls 2019-2022

Sigurborg Kristjánsdóttir, leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsfólk.....	3
Markmið launajafnréttis.....	3
Markmið auglýsinga og ráðningar	3
Markmið símenntunar og starfsþróunarsamtala	4
Markmið samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs.....	4
Markmið með gagnkvæmri virðingu	4
Markmið með eftirfylgni	4
Nemendur	5
Markmið varðandi námsefni og kennslugögn.....	5
Markmið varðandi einstaklinginn.....	5
Markmið með fræðslu.....	5

Inngangur

Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri sem nota á til að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna. Jafnréttisáætlun leikskólans Hæðarbóls tekur mið af jafnréttisstefnu Garðabæjar og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Markmiðið með jafnréttisstefnu er að halda í heiðri virðingu fyrir margbreytileikanum og að starfsmenn njóti jafns réttar án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Starfsfólk

Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólkið til að;

- stuðla að góðu jafnræði,
- nýta krafta og kunnáttu alls starfsfólks til fullnustu,
- halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans.

Með ofangreindu verði tryggt að sá mannauður sem byggir á menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er unnið á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Ánægt og hæft starfsfólk skiptir sköpum fyrir árangur skólans.

Markmið launajafnréttis

Markmið launajafnréttis er að greiða körlum og konum sömu laun fyrir sambærileg störf. Öllum starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þér kjósa.

Framkvæmd

Að greiða samkvæmt kjarasamningum.

Ábyrgð

Sveitafélagið/leikskólastjóri

Tími

Alltaf

Markmið auglýsinga og ráðningar

Í auglýsingum eru störf ekki kyngreind og þess gætt að hafa öll kynin í huga við gerð auglýsinga. Ef sérstaklega hallar á annað kynið á starfssviði, þá er það kyn sem hallar á sérstaklega hvatt til að sækja um viðkomandi starf.

Framkvæmd

Samantekt á kynjahlutföllum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Sjálfsmatsskýrsla

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Þegar auglýst er

Markmið símenntunar og starfsþróunarsamtala

Allir starfsmenn óháð kyni eiga kost á símenntun og starfsþróunarsamtala. Áhersla er lögð á að öllu starfsfólki sé gefinn kostur á að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni sína í starfi. Að lágmarki einu sinni á ári fara fram starfsmannasamtöl milli stjórnenda og starfsfólks og þar gefst starfsfólki kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og fá endurgjöf á vinnuframlagi sínu.

Framkvæmd

Árleg starfsmannasamtöl

Eftirfylgni símenntunaráætlunar

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Haustönn

Markmið samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs

Stuðla ber að því að koma til móts við þarfir starfsmanna og taka tillit til sérstakrar fjölskylduaðstæðna þeirra óháð kyni. Að starfsmenn samræmi starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu eins og kostur er.

Framkvæmd

Starfsfólki eru veitt leyfi til að sinna samtölum og heimsóknnum í skóla barna sinna auk þess að sinna ábyrgð varðandi veikindi, tannlækna og aðra sérfræðinga. Starfsfólk er hvatt til að deila ábyrgð með maka sínum ef við á.

Ábyrgð

Allir starfsmenn

Tími

Á alltaf við

Markmið með gagnkvæmri virðingu

Lögð er áhersla á góða líðan starfsfólks á Hæðarbóli. Starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Vanda skal orðanotkun í öllum samskiptum manna í milli. Lögð skal áhersla á að temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til allra.

Framkvæmd

Rafræn könnun um virðingu er varðar jafnréttismál 1x á starfsárinu

Námskeið og fræðsla um efnið

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Virðing er ávallt í brennidepli

Markmið með eftirfylgni

Samkvæmt 18.gr. jafnréttislaga ber okkur að endurskoða jafnréttisáætlunin á þriggja ára fresti. Til að kanna hvort að jafnréttisáætlunin sé að skila tilætluðum árangri þarf að meta hvort starfsmenn upplifi hana sem verkfæri sér til hana og hvort starfsmenn séu að nýta réttindi sín?

Framkvæmd

Viðhorfskönnun til starfsmanna.

Ábyrgð

Leikskólastjóri

Tími

Árlega í viðhorfskönnun meðal starfsmanna

Nemendur

Markmið jafnréttismenntunar er að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálssu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis. Stefnt er að því að allir hafi hlutverki að gegna í skólastarfi, allir taki þátt í að byggja þar lýðræðissamfélag þar sem jafnréttis, sanngirni og réttlætis er gætt í hvívetna og að öllum líði vel í skólanum. Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans og reynt skal að miða námsframboð og viðfangsefni að áhugasviðum beggja kynja. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir.

Markmið varðandi námsefni og kennslugögn

Náms- og kennslugögn eiga að stuðla að jafnrétti allra. Þess skal gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtist í bókum.

Framkvæmd

Að huga að því að allur efniviður og verkefni stuðli að jafnrétti. Leggja ber áherslu á að eðlilegt sé að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum. Mikilvægt er að vera meðvitaður um texta og myndir í bókum, ef hallar á annan er mikilvægt að ræða við barnahópinn um það. Kennari þarf ef til vill ekki að vera búinn að grandskoða allt kennsluefnið fyrirfram með staðalímyndir til hliðsjónar þó að það sé alltaf betra. Heldur þarf hann að vera tilbúinn til að varpa fram spurningum þegar hann kemur auga á kynjaðar staðalímyndir í kennsluefninu.

Ábyrgð

Leikskólastjóri/deildarstjórar/allt starfsfólk

Tími

Á alltaf við, en rætt sérstaklega á skipulagsdegi í upphafi skólaárs

Markmið varðandi einstaklinginn

Mæta skal þörfum sérhvers nemanda og tryggja að hann fái viðeigandi hvatningu og örvun í leik og starfi. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir.

Framkvæmd

Á deildarfundum er farið yfir barnahópinn og þarfir hvers og eins, metnar óháð kyni og kennsluhættir ræddir.

Ábyrgð

Deildarstjórar og annað starfsfólk deilda.

Tími

Haust- og vorönn.

Markmið með fræðslu

Markmið með fræðslu er að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.

Framkvæmd

Kennarar fræði nemendur um að allir séu jafnir óháð kyni og eigi allir jafnan rétt á þátttöku í samfélaginu. Mikilvægt er að skapa aðstæður í leikskólanum til umræðna um einkastaði hvers og eins og að styrkja börnin til að skilja að sum leyndarmál eiga ekki að vera leyndarmál. Starfsmenn þurfa að vera gagnrýnir um þau kennslugögn sem þeir leggja fyrir börnin.

Ábyrgð

Allir starfsmenn en stjórnendur fylgi þessu eftir

Tími

Alltaf

Réttur nemenda leikskólans Hæðarbóls er að vinna í fordómalausum umhverfi þar sem jafnrétti og virðing ríkir.